



Hvalfjarðarsveit

Helga Harðardóttir

Innrimel 3

301 AKRANES

Garðabær, 19. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0026

IAS

Efni: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Skilmálabreytingar- skógræktar og landbúnaðarsvæði.

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar frá 12. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingar á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Hvalfjarðarsveit vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til almenna skilmála um skógræktar- og landgræðslusvæði (SL). Með breytingunni verða sett fram skýrari ákvæði um ný skógræktar- og landgræðslusvæði með það markmið að veita sveitarfélaginu betri yfirsýn og stjórn á skógrækt innan sveitarfélagsins.

Það er mjög jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar að marka eigi skýrari stefnu í aðalskipulagi um á hvaða svæðum skógrækt sé æskileg og undir hvaða kringumstæðum.

Náttúrufræðistofnun bendir á að mólendi og votlendi eru sérstaklega mikilvæg sem búsvæði vaðfugla sem margir hverjir teljast til ábyrgðartegunda Íslands. Töluverðrar fækkunar hefur orðið vart hjá nokkrum tegundum vaðfugla á undanförunum árum sem eru nú komnar á válista fugla sem nýlega var uppfærður (<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>). Er talið líklegt að þessa fækkun megi að hluta til rekja til aukinna umsvifa mannsins (Pálsdóttir o.fl. 2025). Mikil skerðing hefur víða orðið á mólendi, m.a. vegna frístundabyggða og skógræktar en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum. Skógrækt hefur þar mikil áhrif þar sem langflestar vaðfuglategundir þrífast ekki í skóglendi (Tómas G. Gunnarsson 2020). Skógrækt hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem ná töluverða vegalengd út frá skógarjaðri. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki flestra vaðfugla er lægri nær skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022). Þessi áhrif gera það að verkum að sú aðgerð að skilja eftir votlendisbletti innan skógræktar gagnast flestum tegundum vaðfugla lítið nema um sé að ræða því mun stærri votlendisfláka. Það er því mikilvægt að skógrækt sé aldrei í votlendi eða gróskumiklu mólendi og að mósaík slíks lands sé ekki brotin upp með skógrækt. Til að lágmarka neikvæð áhrif á vaðfugla er æskilegt að skógrækt fari helst fram í rýru landi í töluverðum halla, s.s. í fjallsbrekkum (Tómas G. Gunnarsson 2020).



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Heimildir:

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Pálsdóttir, A.E., Þórisson, B. and Gunnarsson, T.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, pp.1-13.

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.